

# Sálin efst um jólin

Sálin hans Jóns míns endurheimtir efsta sæti DV-listans þessa vikuna og fær því heiðurinn af því að tróna á toppnum á síðasta lista fyrir jól.

Todmobile geldur kannski fyrir það að koma seint út en gerir vel að ná öðru sætinu núna. Rokklingarnir halda þriðja sætinu þriðju vikuna í röð en Ný dönsk verður að gera sér að góðu að detta af toppnum niður í fjórða sætið. Minningarnar eru áfram í fimmta sætinu og Bubbi lætur undan síga niður í sjötta sætið. K.K. dalar aðeins en Dengsi og félagar hífa sig inn á topp tíu aftur. Í tveimur næstu sætum listans eru svo Stóru börnin og Egill en plötur beggja aðlla síga örliðið niður.

A erlendu breiðskífulistunum er óbreytt staða í efstu sætunum; Queen er á toppnum í Bretlandi og Michael Jackson í Bandaríkjunum. Queen gerir svo gott betur með því að stökkva beint í efsta sæti breska smáskífulistans og má segja að Bretar ætli að minnst Freddys heitins Mercurys með víðeigandi hætti.

Á innlendu vinsældalistunum er helst tíðinda að Anna Mjöll er komin á toppinn á FM-listanum með sigurlag sitt úr Landslagskeppninni en á íslenska listanum hefur jólastemningin tekið völdin og Mavis Staples komin í jólafrí. Og þar sem þetta er síðasta listasiðan fyrir jól óskum við



Sálin hans Jóns míns – trónir á toppnum um jólin.

lesendum gleðilegra jóla. Meira í næstu viku.

lesendum gleðilegra jóla. Meira í næstu viku.

## Íslenski listinn

- ↑ 1. (7) Christmas Vacation  
Mavis Staples
- ↓ 2. (1) Við erum ein  
Sléttuúlfarnir
- ↓ 3. (2) Don't Let the Sun Go down on Me  
George Michael/Elton John
- ↑ 4. (10) Allt búið  
Eyjólfur Kristjánsson
- ↑ 5. (11) Miserious Ways  
U2
- ↑ 6. (9) Andartak  
Rafn Jónsson
- ↓ 7. (5) Aelda  
Ný dönsk
- ↑ 8. (16) Tár eru tár  
Sálin hans Jóns míns
- ↑ 9. (13) Aldrei ég þorði  
Anna Mjöll
- ↓ 10. (3) Láttu mig vera  
Sálin hans Jóns míns

## Pepsi-listi FM

- ↑ 1. (6) Ég aldrei þorði  
Anna Mjöll
- ↓ 2. (1) Við erum ein  
Sléttuúlfarnir
- ↑ 3. (8) Ólívía og Óliver  
Sjörvin & Sigga Beintains
- ↑ 4. (13) Vængbrotin ást  
Þúsund andlit
- ↑ 5. (9) Það er alveg dagsatt  
Dengsi & Hemmi Gunn
- ↓ 6. (4) Aelda  
Ný dönsk
- ↓ 7. (2) Láttu mig vera  
Sálin hans Jóns míns
- ↑ 8. (10) Heal the World  
Michael Jackson
- ↓ 9. (5) Black or White  
Michael Jackson
- ↓ 10. (3) Andartak  
Rafn Jónsson

## Ísland (LP / CD)

- ↑ 1. (2) Sálin hans Jóns míns .....Sálin hans Jóns míns
- ↑ 2. (14) Ópera .....Todmobile
- ↑ 3. (3) Það er svo undarlegt .....Rokklingarnir
- ↓ 4. (1) Deluxe .....Ný dönsk
- ↑ 5. (5) Minningar .....Ýmsir
- ↓ 6. (4) Ég er .....Bubbi Morthens
- ↓ 7. (6) Lucky One .....K.K.
- ↑ 8. (13) Jólabbal með Dengsa og félagum ....Dengsi og félagar
- ↓ 9. (7) Stóru börnin leika sér .....Ýmsir
- ↓ 10. (8) Tífa tífa .....Egill Ólafsson